

Ár 2017, föstudaginn 3. febrúar, er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) haldið af Sigurði I. Halldórssyni dómara að Síðumúla 13, Reykjavík.

Fyrir er tekið: Mál nr. 1/2017.

Blakdeild Álftaness.

gegn

Blakdeild Stjórnunnar.

Gögn málsins nr. 1-5 liggja frammi.

Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

DÓMUR:

I.

Dómkröfur.

Málið var höfðað með kærú móttekinni af skrifstofu ÍSí þann 18. janúar sl. Undirrituðum dómara var falin meðferð málsins. Með tilkynningu dags. þann 20. janúar sl. var kærða gefinn kostur á að skila greinargerð. Greinargerð kærða barst dómstólnum þann 26. janúar sl.

Kröfur kæranda: Kærandi krefst þess að úrslitum í leik Stjórnunnar og Álftaness í Íslandsmóti BLÍ í Úrvalsdeild, sem leikinn var 12. janúar 2017 verði breytt á þann veg að Álftanes vinni leikinn 0-3.

Kröfur kærða: Kærði krefst þess að úrslit hins kærða leiks standi óbreytt þ.e. 3-2 Stjórnunni í vil.

I.

Málsatvik og málatilbúnaður málsaðila.

Málsatvik eru á þá leið að kærandi heldur því fram að kærði hafi notað ólöglegan leikmann í umræddum leik.

Kærði bendir hins vegar á að samkvæmt 3. grein Viðurlaga við notkun ólöglegra leikmanna er kærufrestur 4 sólarhringar og að kærandi hafi kært utan kærufrests.

Hinn kærði leikur fór fram 12. janúar sl. en kærán var móttékin á skrifstofu ÍSÍ þann 18. janúar sl. eða 6 dögum eftir leik.

II.

Forsendur og niðurstöður.

Mál þetta er kært til Íþróttadómstóls ÍSÍ vegna meints brots kærða með því að nota ólöglegan leikmann í leik Stjórnunnar og Álftaness í Íslandsmóti BLÍ í Úrvalsdeild, sem leikinn var 12. janúar 2017.

Í lögum Blaksambands Íslands grein 5.1 segir:

„Öll mál er lúta að kærum og dómsmálum innan íþróttarinnar heyra undir Dómsstóla ÍSÍ og lög þar af lúandi.“

Með vísan til greinarinnar er kærinni réttilega beint til dómstóls ÍSÍ.

Hins vegar hefur Blaksamband Íslands sett reglur sem nefnast: *Viðurlög við notkun ólöglegra leikmanna*. Í 3. grein þessara viðurlaga segir: *„Kærufrestur er 4 sólarhringar.“*

Með vísan til ofangreinds ákvæðis í Viðurlögum við notkun ólöglegra leikmanna er máli þessu vísað frá dómstóli ÍSÍ þar sem kærán barst ekki innan kærufrests.

III.

Dómsorð.

Kæru blakdeildar Álftaness á hendur blakdeild Stjórnunnar er vísað frá dómstóli ÍSÍ.

Dómsorð er lesið í heyranda hljóði.

Athygli er vakin á ákvæðum greinar 24.3. í lögum ÍSÍ en þar segir. “ Sé máli vísað frá dómi hefur kærandi þriggja daga frest til að skjóta málinu aftur fyrir dómstólinn. Frestur skal byrja að líða þegar frávísun berst kæranda og almennir frídagar skulu ekki telja með.“

Dómþingi slitið .

Sigurður I. Halldórsson.

